

Fundur SK. 1. febrúar 2011 kl.18:30

Mættir. Sigurþór, Sigurbjörg, Hjördís, Falur og Guðný

1. Fundargerð

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Verkaskipting

Falur var kosinn formaður á aðalfundi en stjórnin skiptir með sér verkum svona: Júlíus varafirmaður, Hjördís verður áfram gjaldkeri, Sigurbjörg ritari og Sigurþór meðstjórnandi. Friðrik, Guðný og Svala varamenn.

Falur, Sigurbjörg og Sigurþór eru aðalmenn í stjórn Sundráðs ÍRB.

3. Sjálfssala og ljósabekkir

Ljósabekkjaleiga dettur út núna í febrúar. Skuld Lífstíls er um 70.000 kr. og verður rætt við Vikar um að fá það greitt.

Sigurþór og Júlíus hafa verið í sambandi við MS og Kjörís varðandi að fá sjálfssala, jafnvel bilaðan til að láta gera við og nota. Á meðan að verið er að bíða eftir niðurstöðu í þessi mál verður formlegt erindi sent til bæjarstjóra og Íþróttá- og tómstundaráðs um að starfsmenn Vatnaveraldar selji ís á meðan úr kistu. Einnig að athuga að vera með sælgætissjálfssala. Sigurþór tekur það að sér.

4. Önnur mál

a) Styrkir. Rætt um að reyna að finna fleiri styrktaraðila.

b) Fundarmenn ánægðir með aðalfundinn og hann mjög málefnalegur og fundarmenn jákvæðir.

c) Mikilvægt að ræða á ÍRB fundi skiltin og styrki sem fara beint þar inn.

d) Athuga hvort að styrkur frá bænum vegna mótahalðs hafi skilað sér til ÍRB.

Fleira ekki gert og fundi slitið 19:10